

**A 1826/välfärd****Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**þingmannatillögu  
um að norræni hjúskaparsamningurinn nái til samkynja hjónabanda****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1826/välfärd um að norræni hjúskaparsamningurinn nái til samkynja hjónabanda

**Bakgrunnur**

Þegar könnun vígsluskilyrða fer fram í Svíþjóð fyrir ríkisborgara í Norrænu landi gilda ákvæði reglugerðar (1931:429) um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð (NÄF) ef umsækjendur eru karl og kona. NÄF leggur í meginatriðum orðrétt út frá hinum samnorræna hjúskaparsamningi sem hefur meðal annars að geyma reglur um dómsvald, viðurkenningu og lagaval í málum er varða hjúskap.

Vottorð um könnun hjónavígsluskilyrða frá yfirvöldum í einhverju norrænu landanna hefur gildi fyrir vígslu hjá sænskum vígslumanni. Sömuleiðis gildir sænskt vottorð um könnun hjónavígsluskilyrða fyrir vígslu hjá dönskum, finnskum, íslenskum eða norskum vígslumanni. Vottorðin gilda hvort sem umsækjandi er norrænn ríkisborgari eða ekki. Til þess að vottorðið gildi má gildistími þess ekki vera liðinn samkvæmt reglum þess lands sem könnun hjónavígsluskilyrða fór fram í (sbr. 2. gr. NÄF).



Eins og er á NÁF þó aðeins við ef könnun hjónavígsluskilyrða á við um hjúskap á milli karls og konu. Reglugerðin á því ekki við þegar um er að ræða könnun vígsluskilyrða fyrir samkynja pör (sbr. 23. gr. NÁF).

Þar sem öll norrænu löndin viðurkenna vígslu samkynja para er ástæða til að Norðurlandaráð mælist til þess af ríkisstjórnnum Norðurlanda að norræna hjúskaparsamningnum verði breytt þannig að hann hafi einnig að geyma reglur um samkynja hjónabönd.

### **Álit nefndarinnar**

Nefndin fékk ekki með góðu móti séð út á hvað tillagan gekk þar sem samkynja hjónabönd eru nú þegar möguleg alls staðar á Norðurlöndum.

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Eva Lindh (S)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Heli Järvinen (grænum)*

*Høgni Hoydal (T)*

*Kaisa Juuso (saf)*

*Kasper Roug (S)*

*Kim Berg (S)*

*Liselott Blixt (DF)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Nils Sjøberg (RV)*

*Nina Sandberg (A)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Solveig Horne (FrP)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*